


Fræðslu- og menningarsvið.

### Starfsemi Náttúrufræðistofu Kópavogs árið 1993.

Árið 1993 var blómlegt í starfsemi Náttúrufræðistofunnar. Alls heimsóttu 2,344 gestir safnið og hafa gestakomur ekki verið jafn góðar um árabil (Mynd 1.). Sem fyrr eiga leikskólar og grunnskólar úr Kópavogi stærstan hlut að máli, en einnig er töluvert um heimsóknir úr nærliggjandi bæjarfélögum (Reykjavík, Garðabæ, Hafnarfirði og Keflavík). Þá er hlutdeild almennings sæmileg, en mætti gjarnan vera meiri. Gjald var ekki tekið af gestum, eins og til stóð, og verður að ræða þá hugmynd betur innan bæjaryfirvalda áður en slíkt er gert.



Skólahópar fá yfirleitt þær móttökur á safninu að forstöðumaður leiðir gesti um sýningarsali og segir frá því markverðasta sem fyrir augu ber. Í upphafi ársins var öllum uppeldisstofnunum í Kópavogi sendur nýr auglýsingabæklingur um safnið ásamt bréfi, þar sem viðkomandi voru hvattir til að nýta sér þá kennslumöguleika sem bjóðast á safninu. Meðal annars var bent á þann kost að Náttúrufræðistofan er fús til samvinnu um gerð verkefnablaða, þar sem nemendur leysa ýmsar þrautir (skriflegar og myndrænar) í tengslum við sýningargripi. Verkefnablöð af þessu tagi eru t.d. notuð á Þjóðminjasafni Íslands. Viðbrögð við þessu tilboði hafa verið dræm fram til þessa.

Staðið var fyrir nokkrum uppákomum á árinu og voru þær auglýstar sérstaklega í fjölmiðlum. Má þar hlest nefna "Dag rauðbrystingsins", sem var kynning á líffræði umferðarfugla og mikilvægi Kópavogsleiru í því sambandi, kynningu á fálka og rjúpu í tengslum við Alþjóðadaga fugla og skoðunarferð um Kópavogsland með leiðsögumönnum í tilefni af 10 ára afmæli Náttúrufræðistofunnar. Þessar uppákomur voru gerðar í samvinnu við Fuglaverndarfélag Íslands og Náttúruverndarfélag Suð-Vesturlands. Hluti átaks af þessu tagi felst í gerð vandaðra veggspjalda með fróðleik

um viðkomandi efni og eru spjöldin í eigu safnsins að loknu áttakinu og hægt að grípa til þeirra aftur þegar hentar.

Á sviði rannsókna tekur Náttúrufræðistofan þátt samstarfsverkefni þriggja annarra stofnana (Líffræðistofnun H.Í., Hólaskóli og Veiðimálastofnun) um yfirlitskönnun á lífríki íslenskra vatna og er hér á ferðinni umfangsmikið langtímaverkefni (5 ár), sem stýrt er af Náttúrufræðistofnunni. Rannsóknirnar eru styrktar af Vísindasjóði Íslands, umhverfisráðuneytinu og Landvernd (alls kr. 2,2 millj.), og nýtist styrkurinn fyrst og fremst til þess að ráða aðstoðarfólk við úrvinnslu margvíslegra sýna, sem safnað er í vötnum um allt land. Tveir líffræðingar voru ráðnir til starfans seinna hluti ársins og höfðu þeir vinnuáðstöðu á Náttúrufræðistofnunni.

Af öðrum rannsóknastörfum Náttúrufræðistofunnar má nefna flokkun og skráningu safnmuna Náttúrufræðistofunnar og langtímarannsókn á murtustofninum í Þingvallavatni í samvinnu við Líffræðistofnun H.Í. Þá kveður talsvert af því að fólk sendi stofnunni ýmis dýr, sérstaklega skordýr, og leiti ráða um greiningu. Á sumrin er einnig töluvert um það að forstöðumaður er kallaður út í bæ til þess að fjarlægja óboðna vágesti eins og geitunga og önnur álíka kvikindi.

Auk þess að veita Náttúrufræðistofnunni forstöðu gegnir forstöðumaður starfi eftirlitsmanns Náttúruverndarráðs með mannvirkjagerð á SV-landi. Starfið byggist á eftirliti með umhverfisáhrifum framkvæmda hjá stofnunum á borð við Vegagerð ríkisins og Póst og síma. Endurgjald fyrir starfið er reiknað samkv. útseldum taxta sérfræðings. Ætlunin var á síðasta ári að innheimta endurgjaldið í nafni Náttúrufræðistofunnar, þannig að um eigin tekjur stofunnar væri að ræða, en ýmsir vankantar komu upp því samfara. Verið er að leysa þetta vandamál fyrir starfsárið 1994.

Af endurbótum og nýjungum á Náttúrufræðistofnunni má geta helst að tvö ný fiskabúr bættust við eign stofunnar og eru þá alls fjögur búr til sýnis á safninu. Auk þess var gangstétt undir suðurvegg stofunnar lagfærð og nýjar tröppur steypar að innganginum frá Digranesvegi. Eftir er að ganga frá tröppunum og eru þær hættulegar mönnum eins og er. Við lokafráganginn verður að huga að því að setja upp skilti sem auðkennir Náttúrufræðistofuna.

Prentaður var vandaður kynningarbæklingur fyrir Náttúrufræðistofuna, bæði á íslensku (2000 eintök) og ensku (1000 eintök), og honum dreift til nokkurra stofnanna í Kópavogi. Dreifa á bæklingnum víðar á þessu ári, m.a. til aðila í ferðaiðnaðinum.

Náttúrufræðistofan var opin almenningi í sumar (júní-ágúst) á laugard., sunnud. og miðvikudögum milli kl. 13.00 og 18.00, en um veturinn á laugard. og sunnud. milli kl. 13.00 og 18.00. Auk forstöðumanns, sá Guðfinna Steinarsdóttir um vörslu safnsins á framangreindum opnunartímum og var henni greitt tímakaup eftir fjölda yfirsetutíma. Safnið er opið alla virka daga fyrir heimsóknum skólahópa og annarra hópa.

Önnur starfsemi.

Ýmis erindi tengd Náttúrufræðistofnunni og náttúrufræðilegum málefnum.

Hilmar J. Malmquist forstöðumaður